

Leiðbeiningar

Framlag til baráttunnar gegn lömunarveiki (e. Polio)

Hvar er hægt að gefa:

Framlög eru framkvæmd á alþjóðlegu síðu Rotary International, rotary.org.

Á félagakerfinu rotary1360.is er hnappur sem leiðir þig beint á réttan stað.


Hnappurinn er í bláu stikunni efst á síðunni :

GEFÐU Í RÓTARÝSJÓÐINN

Innskráning í kerfið:

Mikilvægt er að skrá sig inn með notendanafni og lykilorði, ef vilji er til þess að framlagið skráist á þig og klúbbinn þinn. Við mælum eindregið með því.

Innskráning er efst á rotary.org, hægra megin.

 Sign In | Register

Þú smellir á „Sign In“ ef þú ert þegar með aðgang en annars á „Register“ til að stofna aðgang. Passaðu að nota sama netfang og skráð er í Pólaris félagakerfið okkar.


Ef þú þarft aðstoð við að stofna aðgang, skaltu endilega leita til vefstjóra eðastjórnarmanna í þínum klúbbi.

Að gefa í sjóði Rotary International, t.d. Polio Plus:

Þegar þú hefur skráð þig inn velur þú Donate efst á vefsíðunni.

DONATE


Þú velur einn af kössunum 6 sem birtast og þar með hvaða sjóð þú vilt styrkja. „Annual Fund-SHARE“ er framlag til hefðbundinna Rótarýverkefna en þar rennur hluti framlagsins til umdæmisins okkar.



The screenshot shows a web interface titled "Choose what you would like to support". At the top, there are navigation tabs: "Featured Causes" (selected), "Areas of Focus", "Global Grants", "Named Funds", and "Endo". Below the tabs, there is a grid of six fund options, each with a radio button and a "Learn more" link:

- Annual Fund-SHARE
- Endowment-SHARE
- PolioPlus Fund (selected, indicated by a checkmark in the radio button)
- Miles to End Polio
- Disaster Response Fund
- World Fund

PolioPlus Fund er framlag sem fer til útrýmingar lömunarveiki. Gates Foundation styður þétt við bakið á Rótarý og þrefaldar öll framlög í PolioPlus.



Í næsta kassa velur þú hvernig þú vilt gefa og hversu mikið.

„One-time donation“ er einskíptis innlegg.

„Recurring donation“ eru sjálfvirk endurtekin innlegg. Þú velur hversu tíð innleggin skuli vera í felliglugganum, mánaðarlega, ársfjórðungslega eða árlega. Þá er spurt um hvenær skuldfærsla megi hefjast, þú velur þann mánuð sem hentar þér.

Select a donation type

One-time donation

Recurring donation

If you would like to update your existing recurring donation, please [edit in My Donations](#).

Choose frequency

Select | v

- Monthly
- Quarterly
- Annually

950	235	95	25	Other
-----	-----	----	----	-------

Þegar þessar upplýsingar hafa verið settar inn er fyllt inn í hefðbundnar greiðsluupplýsingar, þ.m.t. greiðslukortaupplýsingar.

Þá ætti allt að vera frágengið þegar greiðsla hefur farið í gegn.